

Sp.

139. Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Geir Gunnarssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Karvel Pálmasyri og Ellert B. Schram.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Alþingi, 5. nóv. 1984.

Kjartan Jóhannsson.
Karl Steinar Guðnason.
Kristín Halldórsdóttir.

Eiður Guðnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Guðmundur Einarsson.
Ellert B. Schram.

Geir Gunnarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.
Karvel Pálmason.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

G r e i n a r g e r ð .

Hinn 22. maí 1981 voru samþykkt á Alþingi lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og taka lán eða veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til handa félaginu.

Þessar samþykktir voru vitaskuld gerðar á grundvelli þeirra áætlana sem þá lágu fyrir.

Þar sem ríkissjóður er megineigandi fyrirtækisins er eðlilegt að Alþingi fylgist reglulega með því hvernig áætlanir hafa staðist og hvaða áform séu uppi um rekstur fyrirtækisins.

Í samræmi við þessi sjónarmið óskuðu 10 þingmenn eftir því á 104. löggjafarþingi að þáverandi iðnaðarráðherra gæfi Alþingi skýrslu um fyrirtækið sem hann og gerði á vordögum 1982.

Sú skýrsla, sem hér er óskað eftir að gefin verði, ætti að sýna samanburð á upprunalegum áætlunum og þeim upplýsingum, sem fram komu í skýrslu iðnaðarráðherra vorið 1982, við raunverulegan stofnkostnað og rekstrarafkomu á þeim tíma sem síðan er liðinn. Jafnframt er óskað eftir að áætlanir um frekari stofnkostnað og rekstrarafkomu næstu ára komi fram í skýrslunni ásamt arðsemismati og þeim áformum sem nú eru uppi varðandi fyrirtækið.

Rekstrarafkoma og rekstraráætlanir óskast sundurliðaðar á helstu rekstrarþætti og stofnkostnaðaráætlanir sömuleiðis á meginþætti.

Í skýrslunni ætti jafnframt að koma fram efnahagsstaða fyrirtækisins um þessar mundir.

Að því er mat á rekstrarhorfum fyrirtækisins varðar er nauðsynlegt að sérstaklega sé gerð grein fyrir markaðsstöðu fyrirtækisins, þ. á m. hversu mikið hafi þegar verið selt af salti og hverjar tekjur af því hafi verið og hverjar áætlanir séu um þessi atriði á næstu árum.